

Texti og myndir:

Jón Einar Jónsson

Háskólasetri Snæfellsness

Vetrarsvæði snjógæsa

Strönd Mexíkóflóa (suðaustur Texas og suðvestur Louisiana) er eitt mikilvægasta vetrarbúsvæði fugla í Norður-Ameríku. Vatnafuglar eru mjög áberandi, einkum andfuglar, hegrar, bognefir og pelikanar sem og vaðfuglar. Margir spörfuglar nýta sér „Cheniens“, forna sjávarkamba sem standa nógu hátt í flötu landslaginu til að þar vaxi eikartré, sem annars ættu erfitt uppdráttar í vatnsósa jarðvegi.

Snjógæs er ein algengasta fuglategund Norður-Ameríku og einn einkennisfugla þessa svæðis. Vetrarsvæði snjógæsa við Mexíkóflóa var lengst af bundið við 30–50 mílna ræmu af mýrlendi næst ströndinni. Með auknum landbúnaði á 4. og 5. áratug 20. aldar færðust þær inn til landsins, einkum að hrísgrjónaökrum. Bændur ömuðust ekki út í þær svo fremi sem þeir væru búnir að safna uppskerunni áður. Í suðvestur Louisiana uppskera hrísgrjónabændur tvisvar á ári og er seinni uppskeran í október, um það leyti sem fyrstu snjógæsirnar koma á svæðið. Sumir bændur hafa líka tekjur af því að selja veiðileyfi á snjógæsir og endur.

Fæðuöflun á vetrarsvæðum

Snjógæs svipar til grágæsar í fæðuháttum og er goggur beggja stórgerður til að rífa rótarhnýði upp úr jarðvegi. Snjógæsir grafa oft í sundur heilu mýrarflákana við fæðuöflun og er varasamt að ganga um mýrlendi eftir að snjógæsir hafa farið þar um. Þar sem áður mátti ganga þurrum fótum er hættu á að sökkva eftir að gæsir hafa nagað svæðið (1. mynd).

Goggstærð snjógæsa er afar breytileg eftir einstaklingum (2. mynd). Vitað var að stórgoggar fundust helst í mýrlendi en þær með minni gogga væri fremur að finna í akurlendi inn til landsins. Spurningin vaknaði hvort þetta væru tveir aðskildir stofnar eða hvort gæsirnar flökkuðu á milli og veldu sér búsvæði eftir goggstærð. Minni goggar henta vel til að éta hrísgrjón og annað landbúnaðarféði en stórtækari gogga þarf til að



1. mynd. Gæsaétið mýrlendi í forgrunni en heilt og ósnortið í bakgrunni.

grafa upp rótarhnýði í mýrlendi. Til að prófa þessa tilgátu voru 1134 snjógæsir merktar á 4 stöðum í Suðvestur Louisiana þrjá vetur, frá 2001–2004. Verkefnið var hluti af doktorsnámi mínu í atferlivistfræði snjógæsar og mjallgæsar við Louisiana State University í Baton Rouge árin 2000–2005.

Jarðvegur Louisiana samanstendur af árframburði Mississippi árinna og er svo fingerður að sandur, mül og grjót eru nánast ekki til á þessum slóðum. Fyrir marga fugla skapar þetta vandamál. Gæsir eru þar á meðal en þær hafa gjarnan steina í fóarni sínu til hjálpar við að mylja fæðuna. Á verndarsvæðum U.S. Fish and Wildlife Service

hafa menn því búið til sandbunka til að fuglarnir geti náð sér í nýja steina í fóarnið og eru snjógæsir ákafastir þiggjenda þeirrar þjónustu. Sandbunkarnir eru yfirleitt ekki stórir að flatarmáli og eru því oft þétt setnir gæsnum snemma morguns. Slíkir staðir eru ætíð hjálplegir fuglamerkingarmönnum. Efnadur gæsaveiðimenn hafi einnig not af þeim og skjóta gæsir yfir sandbunkum á landsvæðum í einkaeign.

Gæsaveiðar og merkingar

Til að veiða snjógæsir til merkinga notuðum við fallbyssunet. Gæsir verða tortryggjar þegar þær sjá þústir birtast óvænt. Ekki er hentugt að hylja net



2. mynd. Snjógæs er til í tveimur litaafrögðum, dökku og hvítu. Goggstærð er einnig mjög breytileg.

sem stendur á sandi og því farin sú leið að skilja netið eftir í nokkra daga. Þegar gæsirnar höfðu tekið það í sátt (eftir að hafa valsað yfir það nokkra morgna) var gert klárt fyrir skot. Netið var hlaðið og svo beið ég í felustað meðan félagar mínir dottuðu inni í bíl, bíðandi eftir hvellinum mikla og trylltum gæsnum á flótta undan honum. Þetta verkferli kostaði oft að fara snemma á fatur og hírast í næturkulda þar til að gæsirnar komu á svæðið rétt eftir sólarupprás.

Fluglag snjógæsa er sérstök útfærsla af V-oddaflugi, því þær hækka sig og lækka í oddafluginu og hafa orð á sér fyrir að vera óákveðnar í háttum. Þær eru snöggar í loftið af minnsta tilefni, t.d. af völdum flugvéla, arna, sléttuúlfa eða annarra kvikinda (3. mynd).

Það eru til tvenns konar gæsir. Annars vegar þær sem eru fáar saman og lenda strax. Snjógæs er hin gerðin; þær eru nokkur hundruð til þúsund saman í hóp og hringsóla í dágóða stund áður en einhver lendir. Æðsta takmarkið er að verða ekki sú fyrsta sem lendir. Þetta háttarni getur reynt á þolinmæðina, sérstaklega vegna þess að hringsólið og skvaldrið endar ekki alltaf með því að hópurinn lendi. Þó svo að hann geri það þá tortryggir hópurinn svæðið í kringum netið. Sérstaklega varð það áberandi þegar leið á verkefnið og reynsla gæsanna af fyrri skottilraunum fór að segja til sín.

Þegar gæsahrúgan var lent var mikilvægt að bíða ekki of lengi með að skjóta. Það er gaman að merkja gæsir og gleðilegt að merkja kannski 50–100 gæsir á einum og sama deginum (4. mynd). En öllu má ofgera og það gildir að kunna sér hóf, sérstaklega á heitum dögum. Snjógæsir hafa líkamsgærd fyrir norðurlóðir en þær verpa á heimskautatúndrum N-Ameríku. Þeim hitnar fljótt í rúmlega 20 stiga hita og því má ekki halda þeim of lengi. Við sleppingu var það stundum fyrsta verk gæsanna að fá sér vatnssopa áður en tekið var á loft. Gæsirnar voru merktar með svörtum hálsmerkjum með hvítum stöfum, sem lesa má af nokkru færi með góðri fjarsjá (2. mynd).

Verkefnið tók 3 ár og fengust á þeim tíma álestrar á 40% allra merktra fugla. Margar mýrlendisgæsir sáust í akur-



3. mynd. Urmull snjógæsa hefur sig til flugs af akurlendi.

lendi en sjaldgæfara var að akurlendisgæsir færu í mýrlendi. Varla er ástæða til að tala um tvo stofna því gæsirnar parast á vetrarstöðvunum og samgangurinn ætti að geta af sér „blönduð“ pör. Enn í dag berst talsvert af endurheimtum og þær koma úr flestum fylkjanna á farleið gæsanna norður til Kanada, bæði álestrar frá fuglaskoðurum og fuglar sem skotnir eru af veiðimönnum.

Það voru forréttindi að takast á við rannsóknaverkefni í öðru landi og um leið kynnast annars konar umhverfi, menningu og fuglalífi. Í raun má

segja að ég hafi farið með farfuglunum til „heitu landanna“ og lifað „hinum megin“ í tilveru fugla frá íslensku sjónarhorni. Fyrir vísindamanninn var áskorunin einstök og fyrir fuglaáhugamanninn var ógleymanlegt að kynnast nýjum og spennandi tegundum. Þótt snjógæsirnar standi mér næst í minningunni komu fleiri fuglar og dýr við sögu. Sum voru kunnugleg, s.s. skarfar og endur, á meðan aðrir voru fulltrúar heillra átta sem flestir Íslendingar sjá aðeins í sjónvarpinu.



4. mynd. Gæsir teknar úr neti til merkinga í Rockefeller Wildlife Refuge. Mynd: Victor Monsour